

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Fjallabyggð.

1. gr.

Fjallabyggð innheimtir gjald fyrir stofngjald fráveitu, fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. IV. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Fjallabyggð nr. 1294/2011.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús	83.000 kr. á hvert hús
Fyrir fjölbýlishús	28.500 kr. á hverja íbúð
Fyrir annað húsnæði	103 kr. á hvern m ³ í húsnæðinu að 4.000 m ³
	25 kr. á hvern m ³ > 4.000 m ³

Stofngjald vegna tengingar í rotþró sveitarfélagsins:

Fyrir frístundahús	592.000 kr. á hvert hús
--------------------	-------------------------

Ef um tvöfalt frárennisliskerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

Gjald miðast við ákvörðun bæjarstjórnar við árlega gerð fjárhagsáætlunar.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.

Fráveitugjald skal nema 0,240% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Rotþróargjald í kr.</i>
0 – 2.000	11.000
2.001 – 4.000	13.950
4.001 – 6.000	15.340
6.001 – 8.000	18.930
8.001 – 10.000	25.170
Rotþró > 10.000	7.800 pr. umframrúmmetra

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða 4.200 kr.

Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða aukagjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi til viðbótar við ofangreind rotþróargjöld.

5. gr.

Gjaldskrá þessa skal bæjarstjórn taka til endurskoðunar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

6. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar með heimild í 15. gr. laga nr. 9/2009 um rekstur fráveitna og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, öðlast gildi 1. janúar 2026. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1608/2024 fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Fjallabyggð.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar 5.nóvember 2025.

Fjallabyggð, 11. nóvember 2025.

Þórir Hákonarson bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 25. nóvember 2025